

PORGY AND BESS

Wayne Marshall, hljómsveitarstjóri

Rodney Clarke, Porgy

Indira Mahajan, Bess

Angela Renée Simpson, Serena/Maria

Ronald Samm, Sportin' Life/Jake

Hljómeyki og Kór Áskirkju

Magnús Ragnarsson, kórstjóri



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

Tónleikar í Háskólabíói 7. og 8. október 2010 kl. 19:30

Wayne Marshall, hljómsveitarstjóri

Rodney Clarke, Porgy

Indira Mahajan, Bess

Angela Renée Simpson, Serena/Maria

Ronald Samm, Sportin' Life/Jake

Hljómeyki og Kór Áskirkju

Magnús Ragnarsson, kórstjóri

PORGY OG BESS

Porgy and BessSM, eftir George Gershwin,
DuBose og Dorothy Heyward, og Ira Gershwin

1. þáttur:

Inngangur
Summertime
A Woman is a Sometime Thing
My Man's Gone Now
Oh, the Train is at the Station

2. þáttur:

I Got Plenty of Nuttin'
Buzzard Song
Bess, You is My Woman Now
Oh, I Can't Sit Down

Hlé

2. þáttur, framhald:

It Ain't Necessarily So
I Loves You, Porgy

3. þáttur:

There's a Boat that's Leaving Soon for New York
Oh Lawd, I'm on My Way

Höfundarréttur á tónlist George og Ira Gershwin® á þessum tónleikum er í eigu Gershwin-fjölskyldunnar. Porgy og BessSM er flutt samkvæmt samningi við TAMS-WITMARK MUSIC LIBRARY, INC., 560 Lexington Avenue, New York, New York 10022. GERSHWIN er skráð vörumerki Gershwin Enterprises. PORGY OG BESS er skráð vörumerki Porgy and Bess Enterprises.



Tónleikarnir á fimmtudagskvöld eru
í beinni útsendingu RÚV og síðan
aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á
meðan tónleikum stendur.



Wayne Marshall er með fjölhæfari tónlistarmönnum samtímans og kemur fram jöfnum höndum sem píanisti, hljómsveitarstjóri og orgelleikari. Hann þykir túlka bandaríska tónlist einkar vel, ekki síst verk Gershwins, Bernsteins og Ellingtons. Hann var ráðinn aðalgestastjórnandi Verdi-sinfóníuhljómsveitarinnar í Mílanó haustið 2007 og hefur stýrt fjölda annarra hljómsveita, m.a. Sænsku útvarpshljómsveitinni, Fílharmóníuhljómsveitinni í Rotterdam og Accademia di Santa Cecilia í Róm.

Hann stjórnaði *West Side Story* á óperuhátíðinni frægu í Bregenz, og *Porgy og Bess* á Proms, tónlistarhátíð Breska ríkisútvarpsins í Royal Albert Hall. Hann hefur leikið einleik á orgel í mörgum helstu tónleikahöllum heims, meðal annars í Disney-salnum í Los Angeles á hátíðartónleikum þegar orgel salarins var tekið í notkun, og nú nýverið á Proms-tónlistarhátíðinni í Lundúnum. Þá er ráðgert að hann komi fram sem píanóeinleikari með Sinfóníuhljómsveit Lundúna í Barbican-listamiðstöðinni í maí á næsta ári.

Á tónleikunum í kvöld hljómar stytta útgáfa af *Porgy og Bess* sem Wayne Marshall hefur útbúið í samráði við rétthafa verksins. Helstu einsöngslög og kóratriði eru flutt, en hópatriðum sem krefjast fjölda einsöngvara er sleppt. Þá er fjórða atriði annars þáttar sleppt í heild. *Porgy og Bess* tekur um þrjár klukkustundir í flutningi óstytta, en útgáfa Marshalls tekur um 90 mínútur auk hlés.



Sí þakkar Sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi veittan stuðning.

SÖNGVARAR

RODNEY CLARKE

Rodney Clarke nam söng við Royal Academy of Music í Lundúnum, og hlaut Richard Lewis/Jean Shanks-verðlaunin fyrir frammistöðu sína árið 2001. Hann hefur sungið við fjölmörg óperuhús: Ensku Þjóðaróperuna, Glyndebourne Festival Opera, Châtelet-leikhúsið í París, Þjóðaróperuna í Lyon, og þannig mætti lengi telja. Hann lék í kvikmynd Kenneths Branagh sem byggir á *Töfraflautu* Mozarts, og meðal helstu hlutverka hans á sviði eru Don Giovanni í óperu Mozarts, Júníus í *Lúkresía svívirt* eftir Britten, og Jake í *Porgy og Bess*. Hann hefur sungið í Messu Leonards Bernstein með Lundúnasinfóníunni undir stjórn Marin Alsop, *Sköpuninni* eftir Haydn undir stjórn Sir David Willcocks, og titilhlutverkið í *Porgy og Bess* með Wayne Marshall í Róm. Framundan er tónleikaferð um Evrópu þar sem hann mun flytja sönglög Gershwins.

INDIRA MAHAJAN

Bandaríska sópransöngkonan Indira Mahajan hefur fengið mikið lof fyrir silkimjúka rödd sína og túlkun, nú síðast fyrir tónleika í Carnegie Hall þar sem hún flutti nýtt verk eftir bandaríska tónskáldið Stephen Stucky. Hún hefur sungið hlutverk Bess í *Porgy og Bess* víða um heim, meðal annars með Konunglegu fílharmóníuhljómsveitinni í Stokkhólmi, við Þjóðaróperuna í Washington DC og með Baltimore-sinfóníunni undir stjórn Marin Alsop.

Önnur hlutverk hennar nýverið hafa verið Cio-Cio San í *Madama Butterfly* við Arizona-óperuna, Mimi í *La bohème* í Royal Albert Hall, og Donna Elvira í *Don Giovanni* við Dallas-óperuna. Þá söng hún í 9. sinfóníu Beethovens með Simon Bolívar-sinfóníuhljómsveitinni í Caracas, og *Messías* með Colorado-sinfóníunni. Indira Mahajan vann til hinna virtu Marian Anderson-verðlauna árið 2008 og var í kjölfarið boðið að halda einsöngstónleika í Kennedy Center í Washington. Hún var auk þess valin ungi listamaður ársins við New York City Opera.

ANGELA RENÉE SIMPSON

Dramatíska sópransöngkonan hefur farið með hlutverk Serenu í *Porgy og Bess* víða um heim. Nicolaus Harnoncourt valdi hana til að syngja hlutverkið á tónlistarhátíð í Graz í Austurríki árið 2009 og á hljóðritun fyrir Sony Classical sem fylgdi í kjölfarið. Simpson hefur einnig sungið við Þjóðaróperuna í Washington DC, óperurnar í Los Angeles, San Francisco, La Scala í Milánó og New York City Opera. Túlkun hennar á

Serenu í uppfærslu New York City Opera hlaut einróma lof gagnrýnenda sem töluðu um að söngur hennar hefði verið hápunktur kvöldsins.

Simpson kom fram á Gershwin-tónleikum í Carnegie Hall árið 2008 undir stjórn Andrews Litton, og hefur auk þess sungið undir stjórn Wayne Marshall í Róm og víða í Bandaríkjunum.

RONALD SAMM

Ronald Samm fæddist á eyinni Trinidad og hóf tónlistarnám þar, en hélt síðan til Bretlands þar sem hann lærði við Guildhall School of Music and Drama og Royal Northern College í Manchester. Hann var þegar á námsárunum valinn til að syngja með William Christie og Les Arts Florissants, og að námi loknu hefur hann sungið m.a. í Glyndebourne, Birmingham og Lyon. Hann hefur sungið Sportin' Life víða um heim, en hefur einnig sungið m.a. í *I pagliacci* við Þjóðaróperuna í Wales, Siegmund í *Valkyrjunn* í Lissabon, og tók þátt í viðamikilli kynningu á nútímaóperum í Linbury-leikhúsinu í Covent Garden.

KÓR ÁSKIRKJU

Kór Áskirkju var stofnaður í núverandi mynd haustið 2001. Í kórnum eru um 20 tónlistarmenntaðir söngvarar sem hafa flestir verið með frá upphafi. Kórinn æfir einu sinni í viku og tekur þátt í messu- og hátíðarhaldi kirkjunnar. Einnig hefur kórinn sungið við hátíðleg tækifæri í tengslum við safnaðarstarfið. Kórinn hefur haldið tónleika á Akureyri, í Mývatnssveit, í Sólheimum og á Eskifirði.

Á meðal stærri verka á efnisskrá kórsins má telja *Stabat mater* eftir Dvořák, Gloríu í D-dúr eftir Vivaldí, *Missa brevis* eftir Mozart, jólaóratoríu eftir Saint-Saëns, *Requiem* eftir Fauré, messu í G-dúr eftir Poulenc, orgelmessu eftir Flor Peeters, Maríumúsík eftir Anders Öhrwall, *Jóhannesarpassíu* Bachs og *Sköpunina* eftir Haydn með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að auki hefur kórinn flutt ýmis smærri tónverk, íslensk og erlend, bæði af kirkjulegum og veraldlegum uppruna, þjóðlög og fleira. Árið 2004 gaf kórinn út geisladiskinn *Það er óskaland íslenskt* þar sem flutt voru íslensk ættjarðarlög og árið 2008 kom út geisladiskurinn *Það aldin út er sprungið*. Næstu verkefni kórsins eru jólatónleikar í Áskirkju í desember og frumflutningur á nýju verki eftir Steingrím Þórhallsson í Nes Kirkju í mars 2011.

Hljómsveitarsvitan „Sinfónískar myndir úr Porgy og Bess“ hefur hljómað nokkrum sinnum í flutningi SÍ, fyrst undir stjórn Bohdans Wodiczko árið 1965. Einnig hafa atriði úr óperunni verið flutt með söngvurum, undir stjórn Richards Kapp 1974, Murrays Sidlin 1988 og Daniels Swift 1991. Leikhúskórinn, Kór Leikfélags Akureyrar, flutti verkið með píanóundirleik undir stjórn Roars Kvam árið 1996.

HLJÓMEYKI

Hljómeyki var stofnað árið 1974. Hópurinn starfaði fyrstu árin undir stjórn Rutar L. Magnússon og flutti þá aðallega veraldlega tónlist frá ýmsum löndum. Árið 1986 tók kórinn upp samvinnu við Sumartónleika í Skálholti og hefur síðan þá lagt megináherslu á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar. Í Skálholti hefur Hljómeyki flutt ný verk eftir mörg helstu tónskáld landsins, svo sem Atla Ingólfsson, Elínu Gunnlaugsdóttur, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jón Nordal, Jórunni Viðar, Óliver Kentish, Sigurð Sævarsson, Svein Lúðvík Björnsson, Úlfar Inga Haraldsson og Þuríði Jónsdóttur.

Hljómeyki hefur einnig tekið þátt í óperuflutningi og má þar nefna *Dido og Æneas* eftir Purcell, *Orfeus og Evridísi* eftir Gluck, *Orfeo* eftir Monteverdi, *La clemenza di Tito* eftir Mozart og *Carmen* eftir Bizet. Síðastnefndu verkin söng kórinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands en Hljómeyki hefur komið reglulega fram með hljómsveitinni á undanförunum árum, síðast í *Sköpuninni* eftir Haydn. Hljómeyki hefur gefið út fjóra geisladiska, með verkum eftir Hjálmar H. Ragnarsson, Þorkel Sigurbjörnsson, Báru Grímsdóttur og Jón Nordal. Í maí 2008 tók Hljómeyki þátt í kórakeppninni Florilège Vocal de Tours og varð hlutskarpast í flokki kammerkóra ásamt kammerkórnum Khreschatyk frá Úkraínu. Næstu verkefni Hljómeykis eru frönsk kórverk í Listasafni Íslands í nóvember, og *Missa pacis* eftir Sigurð Sævarsson og kórkonsert eftir Schnittke á næsta ári.

MAGNÚS RAGNARSSON, KÓRSTJÓRI

Magnús Ragnarsson lauk mastersgráðu í kirkjutónlist frá Tónlistarháskólann í Gautaborg og stundaði framhaldsnám í kórstjórn hjá Stefan Parkman við Háskólann í Uppsöllum. Hann tók við starfi organista Áskirkju í september 2007 og stjórnar kór kirkjunnar. Magnús tók við stjórn Söngsveitarinnar Filharmóníu í janúar 2006 og sönghópsins Hljómeykis í ágúst 2006. Meðal stærri verka sem Magnús hefur stjórnað eru *Requiem* eftir Mozart, *Fauré* og *Duruflé*, *Stabat mater* eftir Haydn og Dvořák, *Dixit Dominus* eftir Handel, *Messa í g-moll* eftir Bach, *Messa í As-dúr* eftir Schubert, *Carmina burana* eftir Carl Orff, *Nátt söngvar* eftir Rakhmaninov, *Óttusöngvar að vori* eftir Jón Nordal, frumflutningur á *Heimsljósi* eftir Tryggva M. Baldvinsson og *Þýsk sálumessa* eftir Brahms. Síðastnefnda verkið flutti Magnús með Söngsveitinni Filharmóníu og Lutoslawski-Filharmóníuhljómsveitinni í Wrocław í Póllandi við afar góðar undirtektir.

PORGY OG BESS

Bandaríska söngleikjaformið var enn að slíta barnsskónum þegar George Gershwin (1898–1937) hóf feril sinn á Broadway. Í upphafi bar mest á revíum þar sem rýr söguþráður hélt uppi röð óskyldra laga eftir ýmsa höfunda, til dæmis í sýningunum sem Florenz Ziegfeld setti á svið og nutu mikillar hylli, hinum svonefndu *Ziegfeld Follies*. Gershwin setti markið hærra. Hann var einkar efnilegur lagasmiður og píanisti, hætti í skóla 15 ára gamall og fékk umsvifalaust starf á Tin Pan Alley, miðstöð dægurlagsins í hinni ört vaxandi New York-borg. Fyrsta stórsmellinn samdi hann aðeins tvítugur að aldri – *Swanee*, sem Al Jolson gerði ódauðlegt – og skömmu síðar hóf hann farsælt samstarf við yngri bróður sinn, textahöfundinn Ira.

Á þriðja áratug 20. aldar fóru tónskáld að taka söngleikjaformið fastari tökum en áður, ekki síst með tímamótaverkinu *Show Boat* eftir Jerome Kern, sem hefur dökkan undirtón og sver sig fremur í ætt við evrópskar óperettur en léttúðugar revíur. Hér var komin fyrirmynd að metnaðarfullum verkum sem gætu jafnvel nálgast óperuformið að gæðum og innblæstri. Rétt eins og í *Porgy og Bess* eru blökkumenn stór hluti leikhópsins í *Show Boat*; þrátt fyrir allt var tónlistin eina framlag þeirra sem naut sannmælis í fordómafullu þjóðfélagi aðskilnaðar og haturs: negrasálmar, gospelsöngur, ragtime, blús og djass. Það varð eitt helsta afrek Gershwins að bræða þessa tónlistarstíla saman við „hvítu tónlistina“ á áhrifamikinn og tilgerðarlausan hátt.



Gershwin tekur við lófataki áheyrenda eftir frumsýningu á *Porgy og Bess* haustið 1935.

Kvikmyndin Porgy og Bess var frumsýnd 1959 en náði ekki hingað til lands fyrr en þremur árum síðar. Myndin gekk fyrir fullu húsi í Laugarásbíói svo mánuðum skipti, og gagnrýnandi Morgunblaðsins sagði meðal annars: „Söngurinn í myndinni er geysi áhrifamikill, enda músik Gershwins heillandi, raddirnar fagrar. Má heita að hver einasti maður og kona sem syngja hafi frábæra rödd. En einna áhrifamestur og fægurstur er söngur Serenu er hún stendur yfir líki bónda síns, sem hefur verið myrtur.“

Irving Berlin sagði eitt sinn um Gershwin: „Við hinir vorum bara laga-smiðir. George var tónskáld.“ Þar hafði hann á réttu að standa. Gershwin einsetti sér að brúa bilið milli evrópskrar og bandarískrar tónlistar, fyrst með sveinstykkinu *Rhapsody in Blue* fyrir píanó og hljómsveit (1924) og síðan í hverju snilldarverkinu á fætur öðru, jafnt í leikhús- sem konsertformi. Hann var fyrsta söngleikjaskáldið sem stúderaði tónsmíðar klassískra og nútímaleistara, var þaukunnugur *Wozzeck* eftir Alban Berg, lék tennis við Arnold Schönberg, nágranna sinn í Hollywood, og kynntist Ravel þegar hann dvaldi í París að semja



Ameríkumann í París árið 1928. Sagan segir að Gershwin hafi beðið Ravel, sem naut mikillar hylli og var sannarlega ekki á flæðiskeri staddur, að taka sig í tónsmíðatíma. Ravel spurði Gershwin á móti hvað hann þénaði á ári af verkum sínum. Gershwin nefndi himinháa fjárhæð – 100.000 Bandaríkjadali – og franska tónskáldið svaraði um hæl: „Þá ættir þú nú frekar að kenna mér.“

Það var árið 1926 sem Gershwin las skáldsöguna *Porgy* eftir DuBose Hayward. Hann hreifst af henni undir eins, ritaði höfundinum bréf og bað um leyfi til að byggja óperu á söguþræðinum. Örlög blökkumanna höfðu lengi verið Gershwin hugstæð. Æskustöðvar hans voru í Harlem, og meðal fyrstu verka hans var einþáttungurinn *Blue Monday* (1922), um ástir og örlög blökkumanna. En Hayward var önnur kafinn við að smíða leikrit úr sögunni og því varð ekkert úr áformunum um skeið. Árið 1932 tóku þeir aftur upp þráðinn og sammæltust um að semja óperu í félagi við Ira Gershwin; síðasta hindrunin sem þurfti að ryðja úr vegi voru áform Oscars Hammerstein og Jeromes Kern að gera úr bókinni söngleik með Al Jolson í aðalhlutverki. Það tók Gershwin hálf tann árið að semja tónlistina. Stórum hluta þess tíma varði hann í Charleston í Suður-Karólínu þar sem hann sótti innblástur í kirkjusamkundur, næturlúbbu, bænastundir og heimilislíf blökkumanna.

Metropolitan-óperan sýndi nýja verkinu áhuga, en treysti sér ekki til að lofa nema tveimur sýningum á svo eldfimu og ótryggu efni. Að lokum var *Porgy og Bess* frumsýnt í Alvin-leikhúsinu í New York í október 1935. Sýningarnar urðu 124 talsins, sem þótti lítið á Broadway. Fjárfestar töpuðu öllu því fé sem þeir höfðu lagt í sýninguna, samtals 70.000 Bandaríkjadöllum. Gershwin missti þó aldrei trúna á verk sitt og lét sig jafnvel dreyma um að það yrði kvikmyndað, eins og hann ritaði Heyward frá Hollywood í janúar 1937: „Ég er þess fullviss að það er aðeins tímaspursmál hvenær óperan okkar verður framleidd í þessu formi. Tónlistin er stöðugt flutt og áhuginn hvarvetna mikill.“

Örfáum mánuðum síðar var Gershwin allur. Heilaæxli dró hann til dauða aðeins 38 ára að aldri, og Heyward lést árið 1940. Ira Gershwin var sá eini af þríeykinu sem lifði að sjá *Porgy og Bess* vinna hvern sigurinn á fætur öðrum í óperuhúsum heimsins. Fyrsta evrópska uppfærslan var í Kaupmannahöfn 1943 þrátt fyrir áköf mótmæli nasistastjórnarinnar – sagt er að danska andspyrnuhreyfingin hafi ítrekað rofið sendingar Berlínarútlarpsins með laginu *It ain't necessarily so*. Í kjölfarið fylgdu La Scala, Vínaróperan, Glyndebourne, og Metropolitan-óperan árið 1985, ríflega hálfri öld eftir að fyrstu samningaumleitanir höfðu farið fram.

Í dag er verkið löngu orðið sígilt, og í raun sparðatíningur að deila um hvort flokka eigi það sem söngleik, óperettu eða óperu. Líklega hentar orðalag tónskáldsins sjálfs, „American Folk Opera,“ verkinu best. Hljóðritanir eru legió, allt frá frumútgáfu Billie Holiday af *Summertime* frá árinu 1936 til sígildra hljómplatna Ellu Fitzgerald og Louis Armstrong (1957) og Miles Davis (1958). Sidney Poitier og Dorothy Dandridge fóru með titilhlutverkin í kvikmyndaútgáfu árið 1959, en raddirnar fengu þau að láni eins og oft tíðkaðist í þá daga; Robert McFerrin (faðir söngvarans Bobby McFerrin) léði Poitier ómpýða barítónródd sína. Í fyrra stýrði Nicolaus Harnoncourt, sem helst er kunnur fyrir flutning barokktónlistar, verkinu í verðlaunaðri hljómdiskaútgáfu þar sem tveir af einsöngurum kvöldsins, Angela Renée Simpson og Rodney Clarke, fara með burðarhlutverk.

1. ÞÁTTUR

Sögusviðið er Catfish Row, fátækt hverfi blökkumanna í Suður-Karólínu. Á heitu sumarkvöldi leikur Jasbo Brown á píanó meðan Klara, eiginkona Jakes, vaggar barni sínu í svefn með fögrum söng (Summertime). Karlarnir spila teningaspil við litla hrifningu eiginkvennanna; þeir svara því til að þeir vinni hörðum höndum og eigi skilið að skemmta sér á laugardagskvöldi. Jake þrífur barn sitt af Klöru og syngur annars konar vögguvísu. Hann biður sveininn að vara sig á kvenfólki, þær vilji einungis veiða menn í hnapphelduna en svíki þá ávallt að lokum (A Woman is a Sometime Thing). Porgy, fatlaður betlari sem ferðast um á hjólavagni, er um það bil að slást í leikinn þegar Crown og Bess, vinkona hans, koma á svæðið. Crown er vel birgur af pillum og áfengi sem hann hefur fengið frá hinum síkátá Sportin' Life. Crown er hátt uppi en tapar stórfé í spilu og ekki líður á löngu þar til slagsmál brjótast út. Crown drepur Robbins og hópurinn tvístrast áður en lögreglan birtist. Bess er full örvæntingar og á í engin hús að venda, en skyndilega opnast dyrnar að híbýlum Porgys og hún hverfur þangað inn.

Íbúar hverfisins safnast saman til að votta Robbins hinstu kveðju og þar sem þau safna saman fé til að greiða útförina syngja þau harmþrunginn útfararsálm (Gone, Gone, Gone). Lögreglumaður birtist og heimtar að lík Robbins sé grafið næsta dag. Hann grunar mann að nafni Peter um morðið, en sá bendir umsvifalaust á Crown. Serena harmar lát manns síns með tregafullum söng (My Man's Gone Now), en þættinum lýkur með því að Bess leiðir hópinn í negrasálmi um dýrðina sem bíður þeirra allra í eilífðarlandinu (Oh, the Train is at the Station).

2. ÞÁTTUR

Nokkrum vikum síðar gera Jake og félagar hans að netum sínum við árbakkann (It Takes a Long Pull), en Porgy syngur um ánægju sína með lífið og kveðst ekki þurfa á auðæfum heimsins að halda til að vera hamingjusamur (I got Plenty o'Nuttin). Sportin' Life birtist en Maria flæmir hann á brott áður en hann nær að selja þeim „gleðiduftið“ sem hann hefur í farteskinu. Þau koma auga á vák sem flýgur um og Porgy syngur um ógæfuna sem sagt er að slíkir fuglar beri með sér (Buzzard Song).

Íbúar hverfisins búa sig undir skemmtiferð til Kittiwah Island. Porgy og Bess heita hvort öðru ævarandi tryggð (Bess, You Is My Woman Now), en aðrir ráða sér vart fyrir eftirvæntingu (Oh, I Can't Sit Down). Bess neitar að fara í skemmtiferðina, þar sem

hún vill ekki skilja Porgy eftir einan. Porgy hvetur hana til að fara eigi að síður, og þær Maria leggja af stað.

Á Kittiwah-eyju syngur Sportin' Life um sýn sína á texta Biblíunnar, sem hann tekur ekki nema mátulega alvarlega (It Ain't Necessarily So). Serenu finnst nóg komið af guðlasti og rekur hópinn aftur til skips. Skyndilega krækir Crown í Bess og kippir henni í felur. Hann hefur dvalist á eyjunni síðan hann myrti Robbins og nú biður hann Bess um að vera þar eftir. Hún kveðst elska Porgy, en að lokum hverfur hún með honum inn í skóg.

Að tveimur dögum liðnum snýr Bess aftur til Catfish Row. Hún liggur rúmföst í viku, með sótthita og óráð. Porgy fyrirgefur henni, þótt hann viti að hún hafi verið með Crown. Serena og fleiri biðja fyrir bata hennar og Bess kveðst þrátt fyrir allt vilja vera með Porgy (I Loves You, Porgy). Þorpsbúar búa sig undir óveður, og í lok þáttarins heyrast í bjöllu sem gefur til kynna að hvirfilbylur er í nánd.

3. ÞÁTTUR

Stormurinn er afstaðinn og íbúar Catfish Row syrgja þá sem týndu lífi, þeirra á meðal Klöru, Jake, og – að því er talið er – Crown. Bess syngur *Summertime* til að svæfa ungabarnið sem nú hefur misst báða foreldra sína. Þegar húmar læðist Crown inn í húsgarðinn og laumar sér inn til Porgys. Porgy er við öllu búinn, á fyrsta höggið og drepur Crown.

Lögregluumaðurinn snýr aftur til að rannsaka morðið. Hann yfirheyrir kvenfólkið en honum verður lítt ágengt; enginn í Catfish Row vill koma upp um verknaðinn. Hann ræðir við Porgy og Bess í híbýlum þeirra og krefst þess að Porgy beri kennsl á lík Crowns. Hann neitar því alfarið og er að lokum dreginn á brott í gæsluvarðhald. Sportin' Life reynir að freista Bess til að slást í för með sér til New York, þar sem ljúfa lífið biði þeirra (There's a Boat that's Leaving Soon for New York).

Viku síðar ganga íbúar Catfish Row til morgunverka þegar Porgy snýr aftur. Hann hefur unnið dágóða fúlgú í teningaspilum í fangelsinu og er örlátur á gjafir til vina sinna, sem verða vandræðalegir þegar hann birtist. Porgy spyr eftir Bess, en Maria tjáir honum að hún sé farin til New York. Sportin' Life tókst að sannfæra hana um að Porgy ætti ekki afturkvæmt úr fangelsinu. Hann lætur þetta ekki á sig fá og heldur óbugaður af stað til New York á hjólavagninum (Oh, Lawd, I'm On My Way).

HLJÓMEYKI OG KÓR ÁSKIRKJU

Kórstjóri

Magnús Ragnarsson

Píanóleikur á æfingum

Daði Sverrisson

Einsöngvarar úr kórnum

Hallveig Rúnarsdóttir

Einar Clausen

Sópran

Ásdís Björk Kristjánsdóttir

Björney Inga Björnsdóttir

Brynhildur Ásgeirsdóttir

Elín Arna Aspelund

Elma Atladóttir

Guðrún Hólmeirsdóttir

Hallveig Rúnarsdóttir

Heiðrún Hákonardóttir

Helena Marta Stefánsdóttir

Hildigunnur Rúnarsdóttir

Hlín Kristbergisdóttir

Hrefna Katrín Guðmundsdóttir

Inga Dóra Stefánsdóttir

Jóhanna H. Helgadóttir

Rakel Edda Guðmundsdóttir

Rósa Jóhannesdóttir

Sigríður Lárusdóttir

Vigdís Sigurðardóttir

Þórunn Elín Pétursdóttir

Alt

Anna Hafberg

Anna Hinriksdóttir

Anna Tryggvadóttir

Árdís Olgeirsdóttir

Bjarney Halldórsdóttir

Brynhildur Auðbjargardóttir

Guðrún Finnbjarnardóttir

Hrafnhildur Þórólfsdóttir

Ingunn Hildur Hauksdóttir

Lilja Dögg Gunnarsdóttir

Margrét Valdimarsdóttir

Olga Sigrún Olgeirsdóttir

Ragnheiður Lárusdóttir

Sigrún Helga Lund

Soffía Stefánsdóttir

Svanhildur Óskarsdóttir

Valgerður Ólafsdóttir

Þóra Marteinsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir

Tenór

Björn Hjaltason

Einar Clausen

Guðmundur Arnlaugsson

Gunnar Thorarensen

Halldór Torfason

Jóhann Baldvinsson

Jóhann Þ. Hilmarsson

Magnús Gíslason

Magnús Ragnarsson

Oddur Smári Rafnsson

Ólafur Guðmundsson

Pétur Húni Björnsson

Steingrímur Þórhallsson

Tryggvi Helgason

Bassi

Benedikt Elfar

Daði Sverrisson

Egill Gunnarsson

Finnbogi Óskarsson

Guðmundur Sigþórsson

Hákon Leifsson

Hákon Þrastar Björnsson

Halldór Bjarki Arnarson

Haukur K. Bragason

Helgi Heiðar Stefánsson

Hrafn Arnórsson

Jón Helgason

Kristófer Kvaran

Pétur J. Guðlaugsson

Sigurður Árni Jónsson

Skúli Hakim Mechiat

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 7. OG 8. OKTÓBER 2010

1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elin Kjartansdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Mark Reedman
Lin Wei
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Christian Diethard

Vióla

Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovísa Fjeldsted

Bassi

Páll Hannesson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Jóhannes Georgsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarinett & saxófónar

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Ármann Helgason
Hafsteinn Guðmundsson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason

Horn

Emil Friðfinnsson
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Jessica Buzbee

Túba

Tim Buzbee

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Banjó

Snorri Örn Snorrason

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓS / HLJÓÐ / MYND



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Chaplin

Nokkur af meistaraverkum Charlie Chaplin við
lifandi undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands



ADALSTYRKARADÍLAR

BORGUN



Morgunbláðið

CHAPLIN-BÍÓTÓNLEIKAR

Fim. 11.11.10 » 20:00

• **Charles Chaplin:** *Borgarljós (City Lights)*

Frank Strobel hljómsveitarstjóri

Horfðu á eitt af meistaraverkum Chaplins og njóttu um leið lifandi flutnings Sinfóníunnar undir stjórn Frank Strobel, eins helsta sérfræðings heims á sviði kvikmyndatónlistar. **Miðaverð er 2.500 kr.**

Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is
eða í síma 545 2500.

BARNABÍÓ MEÐ CHAPLIN

Lau. 13.11.10 » 14:00

ÖRFÁ SÆTI LAUS

Lau. 13.11.10 » 17:00

• **Charles Chaplin:** *Hundalíf (A Dog's Life)*

• **Charles Chaplin:** *Iðjuleysingjarnir (The Idle Class)*

Frank Strobel hljómsveitarstjóri

Yngsta kynslóðin á skilið að kynnst Chaplin við bestu aðstæður. Tilvalin skemmtun fyrir alla fjölskylduna. **Miðaverð er 1.700 kr.**



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is